

## Þáttur um sjómannadaginn í Vesturbyggð - á Patró

Til : Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>  
Frá : María Björk Ingvadóttir <mariabjork@n4.is>  
Heiti : Þáttur um sjómannadaginn í Vesturbyggð - á Patró  
Málsnúmer : 2206024  
Málsaðili : N4 ehf.  
Skráð dags : 07.06.2022 12:03:54  
Höfundur : María Björk Ingvadóttir <mariabjork@n4.is>

Sæl Rebekka,

Ég leita til þín með erindi um hvort þú/þið í Vesturbyggð viljið koma að því að styðja þáttagerð um sjómannadaginn á Patró sem N4 hyggst gera um næstu helgi.

Veit að fyrirvarinn er stuttur en við Vestfirðingar lítum nú sjaldan á klukkuna þegar þarf að vinna verk og þessi góða hugmynd kom upp í spjalli við hann Gísla Ægi - Vegamótaprinsinn eins og hann er stundum kallaður. Hann leiðir okkur í gegnum þáttinn, hittir fólk og spjallar um undirbúning, fer á tónleikana á föstudagskvöldið, Fjallabræður koma fram í þættinum, farið vel í hefðina en þetta er að verða eini almennilegi sjómannadagurinn á landinu og viljum við gera honum góð skil, þó ekki væri nema fyrir sögulegt gildi !

Við höfum vilyrði fyrir einhverjum fjárstuðningi frá Odda og Vestra en langar að leita til sveitarfélagsins, annaðhvort um styrk eða kaup á auglýsingum á N4 í kringum sjómannadaginn, t.d. fyrir um 300.000 krónur.

Hér er kynningartextinn á verkefninu:

**N4 áformar að framleiða fimm þætti, ca 27 mín langa hvern, í samstarfi við Gísla Ægi Ágústsson vert á Vegamótum á Bíldudal sem sér um dagskrárgerðina.**

**Tökur fara að mestu fram í fyrstu viku ágústmánaðar, þegar náttúran skartar sínu fegursta og allar matarkistur Vestfjarða að fyllast.**

**Eins og við má búast snúast þættirnir um mat, matargerð, undirbúning og veislur á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem sögustöðum og merkilegum karakterum er blandað saman við, líflegan og húmorískan stíl Gísla.**

**Gestir í þáttunum verða m.a. Elvar Logi, Pröstur Leó, Tómas læknir og Snjódrífurnar.**

**Fyrsti þáttur verður tekinn upp á Patreksfirði og snýst fyrst og fremst um sjómannadaginn þar, undirbúning, viðburði, tónleika, bændamarkað og loks sjóferð þar sem öllum er boðið uppá fisk sem Gísli Ægir matreiðir.**

**Öll umgjörð þáttanna er þannig að náttúran fær að njóta sín enda tilgangurinn að kynna sögustaði, mat og menningu svæðisins með léttri og skemmtilegri framsetningu og tónlist af svæðinu.**

**Kostnaður við gerð hvers þáttar er um 1,0 milljón króna, að því gefnu að hægt verði að taka þá upp í einni beit.**

**Leitað verður til fyrirtækja og sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Tálknafjarðar eftir grunnfjármögnun og einnig seldar auglýsingar í kringum þættina.**


Ef þú átt tök á því að heyra í mér í dag eða morgun, yrði ég afar þakklát.

Við þurfum líka að finna tíma þar sem þú yrðir í viðtali í þættinum og svo þiggjum við öll góð ráð um fleiri viðmælendur, gamla sem unga.

Bestu kveðjur, sjáumst á föstudag  
María Björk

**María Björk Ingvadóttir**

Framkvæmdastjóri  
sími: +354 6604680



*Allar upplýsingar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann eða dreifa honum.*